

Fimmtudaginn 7. nóvember 1996.

Nr. 401/1996.

Prentsmiðjan Oddi hf. og

Prentsmiðjan Grafík hf.

(Reynir Karlsson hrl.)

gegn

Flatey hf., bókbandsstofu

(Magnús Thoroddsen hrl.)

Kærumál. Innsetningargerð. Eignarréttur. Lögvarðir hagsmunir. Varnarþing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar hvor fyrir sitt leyti með kærum 26. október 1996, sem bárust réttinum ásamt kærumálgögn-um 4. nóvember sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. október 1996, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um, að fram fari bein aðfarargerð til að taka úr umráðum sóknaraðila bókbandsvél af gerðinni Stahl BL100 ásamt nánar tilgreindum fylgi-hlutum. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991.

Sóknaraðilinn Prentsmiðjan Oddi hf. krefst þess, að málinu verði vísað frá héraðsdómi og varnaraðila gert að greiða málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Sóknaraðilinn Prentsmiðjan Grafík hf. krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að kröfu varnaraðila verði hafnað. Í báðum tilvikum krefst sóknaraðilinn málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kæru-málskostnaðar.

I.

Samkvæmt gögnum málsins hefur sóknaraðilinn Prentsmiðjan Oddi hf. stjórnarstöð í Reykjavík. Varnaraðili hefði því mátt höfða einkamál um þá kröfu, sem hann leitar fullnustu á með þessu máli, á hendur báðum sóknaraðilum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, þótt

stjórnarstöð sóknaraðilans Prentsmiðjunnar Grafík hf. sé í Kópavogi, sbr. 1. mgr. 33. gr. og 2. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Samkvæmt framangreindu hefur varnaraðili lagt kröfu sína um beina aðfarargerð á hendur sóknaraðilum réttilega fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 90/1989. Verður því ekki fallist á þau rök sóknaraðila fyrir kröfu um frávísun málsins frá héraðsdómi, að það hafi ranglega verið lagt fyrir þann dómstól.

II.

Með dómi Hæstaréttar 27. júní 1996 var tekin til greina krafa varnaraðila um, að fram mætti fara bein aðfarargerð til að taka þá muni, sem um ræðir í þessu máli, úr vörslum sóknaraðilans Prentsmiðjunnar Odda hf. Var sú heimild ekki háð því, hvar munina væri að finna, ef þeir væru þó í vörslum þessa aðila.

Samkvæmt gögnum málsins tók sýslumaður fyrir kröfu varnaraðila um aðfarargerð samkvæmt framangreindum dómi 3. september 1996. Var þá lýst yfir því af hálfu gerðarþolans Prentsmiðjunnar Odda hf., að munirnir væru ekki í sínum vörslum, heldur Prentsmiðjunnar Grafík hf. Kom því ekki til þess, að réttindum varnaraðila yrði fullnægt með þessari aðfarargerð.

Þrátt fyrir það, sem að framan greinir, hefur varnaraðili með áðurnefndum dómi þegar fengið þá heimild, sem honum er þörf að lögum, til að leita fullnustu á réttindum sínum með aðfarargerð á hendur sóknaraðilanum Prentsmiðjunni Odda hf., enda stendur heimildin óhöggð, þótt ekki hafi enn reynst unnt að fylgja henni eftir. Verður varnaraðili ekki talinn hafa lögvarða hagsmuni af því að fá þessa heimild áréttaða í þessu máli. Samkvæmt því verður kröfu varnaraðila vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi, að því er þennan sóknaraðila varðar, en í ljósi atvika málsins þykir rétt, að hvor þeirra beri sinn kostnað af því að þessu leyti.

III.

Í því máli, sem var leitt til lykta með dómi Hæstaréttar 27. júní 1996, voru varnir Prentsmiðjunnar Odda hf. meðal annars byggðar á því, að munirnir, sem varnaraðili krafðist að fá afhenta, tilheyrðu sér ekki, heldur félaginu, sem nú heitir Prentsmiðjan Grafík hf.

Peirri mótbáru var hrundið, enda þótti hún engum haldbærum gögnum studd og andstað þeim kaupsamningi, sem varnaraðili leiddi rétt sinn af, þar sem Prentsmiðjan Oddi hf. seldi munina í eigin nafni og var sögð hafa vörslur þeirra. Sú niðurstaða var á því reist, að Prentsmiðjunni Odda hf. gæti ekki stöðað án frekari röksemda og gagna eða meðalgöngu þriðja manns, sem teldi til betri réttar, að bera fyrir sig eigin vanheimild til að gera kaupsamning um hina umdeildu muni. Var jafnframt tekið tillit til þess, að framgangur aðfarargerðarinnar væri háður því, að munirnir yrðu, þegar til kæmi, í vörslum prentsmiðjunnar eins og í samningnum var greint, en að þessu gefnu ásamt því, sem áður segir, yrðu nægileg líkindi fengin fyrir eignarrétti hennar yfir mununum við gerð samningsins.

Í þessu máli heldur sóknaraðilinn Prentsmiðjan Grafík hf. fram eignarrétti sínum yfir umræddum munum svo og því, að Prentsmiðjuna Odda hf. hafi skort heimild til að ráðstafa mununum, sem séu að auki í vörslum hans. Gagnvart þessum vörnum sóknaraðila hefur dómur Hæstaréttar 27. júní 1996 ekki ríkara sönnunargildi samkvæmt meginreglu 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 en leiðir af þeim rökum, sem hann var reistur á og að framan er getið.

Samkvæmt gögnum, sem sóknaraðilinn Prentsmiðjan Grafík hf. hefur lagt fram, hét félagið fram til 7. maí 1996 G. Ben.-Edda hf., en þar áður, til 26. ágúst 1994, Prentsmiðjan Edda hf. Samkvæmt samningi frá síðastgreindum degi seldi félagið G. Ben., prentstofa hf., tilteknum aðilum, sem framseldu síðan Prentsmiðjunni Eddu hf. réttindi samkvæmt samningnum, vélar og tæki, sem seljandinn hafði notað til framleiðslu, samkvæmt nánari talningu í sérstöku fylgiskjali. Meðal hins selda samkvæmt fylgiskjalinu var „Stahl-bókalína“ ásamt tilgreindum vélum og tækjum til bókbands. Í yfirlýsingu 1. október 1996 kveður löggiltur endurskoðandi Prentsmiðjunnar Grafík hf. þá muni, sem krafa varnaraðila í málinu tekur til, hafa komist í eigu félagsins með þessum samningi svo og, að þeir séu hluti af bókfærðum eignum þess samkvæmt fyrningarskýrslu. Einnig liggur fyrir yfirlýsing þriggja stjórnarmanna í félaginu frá sama degi, þar sem fram kemur, að því tilheyri munirnir, sem deilt er um í málinu, og hafi hvorki Prentsmiðjunni Odda hf. né forsvarsmanni þess félags verið veitt heimild til að selja munina á sitt eindæmi. Þá

er því jafnframt haldið fram af hálfu sóknaraðilans Prentsmiðjunnar Grafík hf., að hinir umdeildu munir séu í vörslum hans.

Milli sóknaraðilanna tveggja eru nán tengsl, sem má meðal annars ráða af því, að allir stjórnarmenn í Prentsmiðjunni Grafík hf., fjórir að tölu, eiga sæti í stjórn Prentsmiðjunnar Odda hf. ásamt fimmta stjórnarmanninum. Þrátt fyrir þetta er óhjákvæmilegt að telja það, sem að framan greinir, valda þeim vafa í málinu um eignarrétt að mununum, sem krafa varnaraðila beinist að, og eftir atvikum um, hvort síðarnefnda félagið hafi haft heimild frá hinu fyrrnefnda til að ráðstafa mununum í eigin nafni, að varhugavert sé að láta aðfarargerðina ná fram að ganga, sbr. 3. mgr. 83. gr. laga nr. 90/1989. Verður því að hafna kröfu varnaraðila um beina aðfarargerð á hendur sóknaraðilanum Prentsmiðjunni Grafík hf., en rétt er, að hvor þessara aðila beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Kröfum varnaraðila, Flateyjar hf., bókbandsstofu, á hendur sóknaraðila Prentsmiðjunni Odda hf. er vísað frá héraðsdómi.

Kröfu varnaraðila um beina aðfarargerð á hendur sóknaraðila Prentsmiðjunni Grafík hf. er hafnað.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. október 1996.

I.

Mál þetta var þingfest 27. september sl. og tekið til úrskurðar 21. október sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er Flatey hf., bókbandsstofa, kt. 621082-0199, Þverholti 9, Reykjavík.

Gerðarpolar eru Prentsmiðjan Oddi hf., kt. 490269-4019, Höfðabakka 3-7, Reykjavík, og Prentsmiðjan Grafík hf., kt. 510169-7789, Smiðjuvegi 3, Kópavogi.

Gerðarbeiðandi krefst dómsúrskurðar um, að eftirgreind vél ásamt fylgihlutum verði tekin með beinni aðfarargerð úr umráðum gerðarpola Prentsmiðjunnar Odda hf. og úr vörslum gerðarpola Prentsmiðjunnar Grafík hf., Kópavogi, í leiguhúsnæði hans að Smiðjuvegi 22, Kópavogi, eða hvaða öðrum stað, sem tækin kunna að fyrirfinnast á við aðför, og fengin gerðarbeiðanda til umráða.

Stahl BL100 bókbandsvél (book line), árgerð 1981, ásamt eftirgreindum fylgihlutum:

°hleðslubandi, BT 138,

°hitarás, AS 131,

°rúlluborði,

°ruðningi, falsbarningi, grisjustoð, fóðrun, kjölkragalímingarvél, RH 140,

°millifæribandi, RE 147,

°innsetningarvélbúnaði, EH 152/40, þ. á m. bindainnsetningarvél, DAS,

°færibandi, EE 155,

°kjölstigsþrykkjara og pressufæribandi, EP 160,

°staðlaðri bandaafgreiðslu,

°öllum stöðluðum fylgihlutum, þ. á m. varahlutum og fyrirmælabókum.

Enn fremur krefst gerðarbeiðandi málskostnaðar.

Gerðarþoli Prentsmiðjan Oddi hf. gerir þær dómkröfur, að málinu verði vísað frá dómi. Jafnframt krefst hann málskostnaðar.

Gerðarþoli Prentsmiðjan Grafík hf. krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi. Til vara krefst hann þess, að kröfum gerðarbeiðanda verði hafnað. Verði ekki á það fallist, krefst hann þess, að málskot til Hæstaréttar fresti aðfarargerð. Þá krefst hann málskostnaðar.

II.

Gerðarbeiðandi kveður hér vera um að ræða vél, sem gerðarþolinn Prentsmiðjan Oddi hf. hafi selt hollensku fyrirtæki, Euro Graphic Services B. V., með kaupsamningi. Kaupi fyrirtæki þetta og selji notuð tæki til prentiðnaðar víða um lönd, aðallega innan Evrópu. Með kaupsamningi, undirrituðum 29. febrúar og 5. mars 1996, hafi gerðarbeiðandi keypt umrædda vél af Euro Graphic Services B. V., hafi samningsdagur einnig verið talinn 29. febrúar 1996, og skyldi afhending fara fram í marslok 1996.

Gerðarbeiðandi kveður sér vera kunnugt um það, að þegar gerðarþolinn Prentsmiðjan Oddi hf. hafi frétt, að vélin hafi verið seld íslenskum aðila, hafi hann neitað að efna samninginn, án þess að nokkur fyrirvari hefði verið um þjóðerni væntanlegs viðskiptavinar kaupandans. Vilji Euro Graphic Services B. V. fara að lögum og efna samning sinn við gerðarbeiðanda með því, að hann fái afhenta hina keyptu bókbandsvél. Í því skyni hafi fyrirtækið framselt gerðarbeiðanda kaupsamning sinn við gerðarþolann Prentsmiðjuna Odda hf., til þess að hann gæti fengið umráð vélarinnar sem allra fyrst. Með framsalssamningi þessum hafi Euro Graphic Services B. V. framselt gerðarbeiðanda öll réttindi sín og skyldur samkvæmt kaupsamningi hans við gerðarþolann Prentsmiðjuna Odda hf., og hafi gerðarbeiðandi jafnframt tekið við öllum réttindum og skyldum samkvæmt samningnum,

m. a. tekið að sér að greiða kaupverðið gerðarþolanum Prentsmiðjunni Odda hf.

Hinn 26. apríl sl. hafi lögmaður gerðarbeiðanda reynt að afhenda fyrirvarsmonnum Prentsmiðjunnar Odda hf. bréf ásamt heildargreiðslu kaupverðsins, tékka að fjárhæð 100.000 þýsk mörk, sem og afrit framangreinds framsalssamnings. Jafnframt hafi hann skorað á gerðarþola Prentsmiðjuna Odda hf. að afhenda vélina. Fyrirvarsmaður Prentsmiðjunnar Odda hf. hafi neitað, bæði að taka við bréfinu og greiðslunni og gerðarbeiðandi því geymslugreitt greiðsluna sama dag í Landsbanka Íslands. Sama dag hafi lögmaður gerðarbeiðanda skrifað gerðarþola Prentsmiðjunni Odda hf. annað bréf, í meginatriðum sama efnis og fyrra bréf, nema nú hafi fylgt með kvittun geymslugreiðslunnar í stað tékkans áður. Fyrirvarsmaður Prentsmiðjunnar Odda hf. hafi tekið við bréfinu ásamt framsalssamningnum, en neitað að taka við kvittun vegna geymslugreiðslu. Hafi kvittunin því verið send gerðarþola Prentsmiðjunni Odda hf. í ábyrgðarbréfi sama dag. Að þessu loknu hafi Prentsmiðjunni Odda hf. verið ritað þriðja bréfið um málið þennan sama dag, 26. apríl 1996, að þessu sinni símbréf, og því fylgt afrit kvittunar geymslugreiðslunnar og kvittunar fyrir viðtöku ábyrgðarbréfsins.

Gerðarþoli Prentsmiðjan Grafík hf. kveðst hafa eignast hina umdeildu bókbandsvél og fylgihluti með henni í lok ágúst 1994. Hafi það gerst við sameiningu Eddu hf. og G. Ben., prentstofu hf., en upp úr þeim félögum hafi verið stofnað félagið G. Ben-Edda, prentstofa hf., nú Prentsmiðjan Grafík hf.

Gerðarþoli Prentsmiðjan Grafík hf. heldur því fram, að hann hafi eingöngu velt því fyrir sér að selja vélina. Hafi hann í því sambandi spurt forsvarsmenn Prentsmiðjunnar Odda hf., hvort þeir vissu um kaupanda að henni. Engin ákvörðun hafi hins vegar verið tekin um sölu. Það hafi því komið forsvarsmönnum gerðarþolans Prentsmiðjunnar Grafík hf. á óvart, þegar þeir hafi frétt, að búið væri að ganga frá sölu vélarinnar.

III.

Gerðarbeiðandi kveðst hafa fullnægt öllum skyldum samkvæmt kaupsamningi Euro Graphic Services B. V. og gerðarþola Prentsmiðjunnar Odda hf., sem hann hafi tekið að sér að fullnægja með áðurnefndum framsalssamningi. Gerðarþoli Prentsmiðjan Oddi hf. hafi hins vegar ekki fengist til að efna samninginn af sinni hálfu.

Gerðarbeiðandi reisir rétt sinn til umráða yfir bókbandsvélinni á tveimur samningum, samningnum milli Prentsmiðjunnar Odda hf. og Euro Graphic Services B. V. og framsalssamningi, þar sem Euro Graphic Services B. V. framseldu gerðarbeiðanda rétt sinn samkvæmt fyrrnefnda samningnum,

enda hafi hann tekið að sér skyldur samkvæmt samningnum, og kaupverð hafi hann innt af hendi, og sé gerðarbeiðandi því orðinn eigandi vélarinnar og fylgihluta hennar.

Þar sem Prentsmiðjan Oddi hf. hafi ekki sinnt áskorunum gerðarbeiðanda um afhendingu vélarinnar ásamt fylgihlutum, hafi gerðarbeiðanda verið nauðugur sá kostur að knýja fram rétt sinn til umráða yfir eign sinni með beinni aðfarargerð samkvæmt 78. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Það hafi hann gert með aðfararbeiðni til Héraðsdóms Reykjavíkur 6. maí 1996. Í því máli, nr. A-708/1996, voru kröfur gerðarbeiðanda teknar til greina með úrskurði, upp kveðnum 31. maí 1996. Kærði Prentsmiðjan Oddi hf. þann úrskurð til Hæstaréttar, sem staðfesti hinn kærða úrskurð með dómi 27. júní 1996. Þrátt fyrir dóm þennan hafi Prentsmiðjan Oddi hf. neitað að afhenda tækin.

Með bréfi sýslumannsins í Reykjavík 7. ágúst 1996 kveðst gerðarbeiðandi hafa beiðst aðfarar í tækin með vísan til 73. gr. aðfararlaga, og var málið tekið fyrir hjá sýslumanni 3. september 1996. Við þá fyrirtöku hafi upplýst, að munirnir væru ekki í vörslu Prentsmiðjunnar Odda hf., heldur í leiguhúsnæði gerðarþolans Prentsmiðjunnar Grafík hf. að Smiðjuvegi 22, Kópavogi. Hafi í forsendum hæstaréttardómsins frá 27. júní 1996 verið sá fyrirvari settur fyrir framgangi gerðarinnar, að munirnir verði í vörslum Prentsmiðjunnar Odda hf., ef til gerðarinnar kæmi.

Þar sem nú hafi verið upplýst, að svo sé eigi, beri nauðsyn til vegna forsendna hæstaréttardómsins að krefjast að nýju aðfarar í munina með beinni aðfarargerð samkvæmt 78. gr. aðfararlaga.

Kröfur sínar í máli þessu kveðst gerðarbeiðandi reisa á því, að hann sé orðinn eigandi framangreindra muna með því að hafa í einu og öllu efnt samninga sína og greiðslur við seljanda þeirra, Euro Graphic Services B. V., sbr. forsendur áðurgreinds hæstaréttardóms.

Gerðarbeiðandi kveðst beina kröfum sínum gegn gerðarþolanum Prentsmiðjunni Odda hf. sem upphaflegum eiganda og seljanda tækjanna til Euro Graphic Services B. V., sem gerðarbeiðandi leiðir rétt sinn frá, en gegn gerðarþolanum Prentsmiðjunni Grafík hf. sem leigutaka og vörslumanni þess húsnæðis, þar sem tækjunum er komið fyrir.

IV.

1) Gerðarþoli Prentsmiðjan Oddi hf. styður kröfu sína um frávísun málsins því, að mál út af þessum sama ágreiningi aðila hafi þegar verið tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur og lokið þar. Hafi verið kveðinn upp úrskurður í málinu nr. A-708/1996 31. maí 1996 og sá úrskurður verið kærður

til Hæstaréttar og dómur í málinu verið kveðinn upp 27. júní 1996. Beri því með vísan til 1. og 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 84. gr. aðfararlaga, að vísa málinu frá dómi.

2) Gerðarþoli Prentsmiðjan Grafík hf. vísar um aðalkröfu sína um frá-vísun til þess, að málið sé sótt á röngu varnarþingi. Sé gerðarþolin skráður á Smiðjuvegi 3, Kópavogi, sem sé jafnframt varnarþing hans. Kveðst gerðarþoli telja, að þar sem dómstóll hafi þegar fjallað um sama sakarefni, að því er varði Prentsmiðjuna Odda hf., hljóti málinu að verða vísað frá, að því er það félag varði. Það leiði til þess, að málinu verði einnig vísað frá, að því er varði kröfur á hendur gerðarþola, þar sem varnarþing hans sé í Kópavogi og um heimild til að sækja málið í Reykjavík ekki að ræða, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 1. og 2. mgr. 100. gr. sömu laga, sbr. 1. mgr. 84. gr. aðfararlaga. Verði aðalkrafa gerðarþola ekki tekin til greina, reisir hann varakröfu sína á því, að hann sé einn eigandi að lausafé því, sem kraf-ist sé innsetningar í. Prentsmiðjan Oddi hf. eða forsvarsmaður þess félags hafi enga heimild haft til að selja það. Aðeins hafi verið nefnt við forsvars-mann félagsins, að hann kannaði, hvort hann gæti fundið kaupanda að lausafénu. Aldrei hafi verið ætlunin, að það yrði selt án samráðs við gerðar-þola Prentsmiðjuna Grafík hf. Til þess hafi hann ekki haft umboð. Þá bend-ir gerðarþoli á, að firmað riti þrír stjórnarmenn saman, og leiði þetta til þess, að með engu móti verði fullyrt, að gerðarþoli sé bundinn við samning-inn.

Fallist dómurinn ekki á framangreind rök gerðarþola og telji, að Prent-smiðjan Oddi hf. eða forsvarsmaður hennar hafi haft umboð til að gera um-ræddan samning, rökstyðji gerðarþoli mál sitt því, að umboðsmaðurinn hafi farið langt út fyrir umboð sitt og umbjóðandinn Prentsmiðjan Grafík hf. því ekki bundinn af gerningnum, þar sem hann sé ekki innan ramma umboðs-ins, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Jafnvel þótt dómurinn telji sannað, að gerningur umboðsmannsins hafi verið innan ramma umboðsins, heldur gerðarþoli Prentsmiðjan Grafík hf. því fram, að umboðið hafi verið heimildarumboð samkvæmt 18. gr. laga nr. 7/1936. Um þau umboð gildi þær reglur, að ekki skipti máli, þótt þriðji maður sé grandlaus um heimildarleysi umboðsmanns, sbr. 2. mgr. 11. gr. lag-anna. Það breyti þó ekki þeirri skoðun gerðarþola, að hinu erlenda félagi, Euro Graphic Services B. V., og reyndar gerðarbeiðanda einnig hafi verið fullkunnugt um heimildarleysi umboðsmannsins. Í skjölum málsins komi skýrt fram, að gerðarþoli Prentsmiðjan Grafík hf. hafi verið hinn raunveru-legi eigandi lausafjárins og ætlunin verið að selja það í Austurlöndum fjær. Frá því hafi hins vegar verið horfið fyrir tilstilli og vegna atvika, er varði

gerðarbeiðanda. Hinn erlendi aðili og gerðarbeiðandi hafi því báðir verið grandvísir að þessu leyti.

Gerðarþoli Prentsmiðjan Grafík hf. vísar til þess, að í samningi Euro Graphic Services B. V. við gerðarþolann Prentsmiðjuna Odda hf. komi hvergi fram, að verið sé að selja lausaféð í nafni annars aðila, Prentsmiðjunnar Grafík hf. Það sé meginregla í samningarétti, þegar svo hátti til, að umboðsmaðurinn sé bundinn við samninginn, ekki umbjóðandinn.

Kröfu sína um, að málskot fresti aðför, styður gerðarþoli við 3. mgr. 84. gr. aðfararlaga.

V.

Frávísunarkrafa gerðarþola Prentsmiðjunnar Odda hf. er á því reist, að með dómi Hæstaréttar 27. júní sl. hafi endanlega verið skorið úr ágreiningi aðila um afhendingu munanna, og sé það mál því útkljáð.

Í dómi Hæstaréttar kemur fram, að framgangur aðfarargerðar til fullnustu kröfunnar sé háður því, að munirnir verði í vörslu gerðarþola Prentsmiðjunnar Odda hf., ef til gerðarinnar komi. Þegar aðför átti að fara fram 3. september sl., var upplýst af lögmanni gerðarþola Prentsmiðjunnar Odda hf., að munirnir væru í vörslu gerðarþola Prentsmiðjunnar Grafík hf. Dómur Hæstaréttar náði ekki yfir það tilvik, og er því gerðarbeiðanda rétt og nauðsynlegt að beina kröfu sinni aftur að gerðarþola Prentsmiðjunni Odda hf., enda skírskotar gerðarbeiðandi til þess í málinu, að hann hafi gengið inn í samning Euro Graphic Services B. V. við gerðarþola Prentsmiðjuna Odda hf. Verður málinu því ekki vísað frá dómi af þessum sökum.

Af framansögðu leiðir, að gerðarbeiðanda var heimilt samkvæmt 1. mgr. 42. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. 1. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, að reka mál þetta á varnarþingi þess gerðarþola, sem hann kaus, og verður málinu ekki vísað frá dómi vegna þessa.

Í dómi Hæstaréttar 27. júní sl. segir svo: „Í málflutningi sóknaraðila (þ. e. gerðarþola Prentsmiðjunnar Odda hf.) hefur ekki verið byggt á því, að vefengja megi, að með skjali, undirrituðu 29. febrúar og 12. mars 1996 hafi komist á samningur milli hans og Euro Graphic Services B. V., þar sem hann selji þeim síðarnefnda bókbandsvél þá og fylgihluti, sem varnaraðili (þ. e. gerðarbeiðandi) leitar umráða yfir með máli þessu. Hvorki verður ráðið af samningnum né öðrum gögnum málsins, að sóknaraðili hafi áskilið við kaupin, að viðsemjanda hans væri óheimilt að endurselja þessa muni hér á landi. Sóknaraðili hefur ekki heldur leitt nægjanlega í ljós, að viðsemjandanum hafi mátt vera kunnug slík forsenda hans fyrir viðskiptunum.

Euro Graphic Services B. V. seldi umrædda muni varnaraðila með samn-

ingi, undirrituðum 29. febrúar og 5. mars 1996. Varnaraðili fékk síðan fram-seld 22. apríl 1996 réttindi erlenda félagsins samkvæmt samningi þess við sóknaraðila. Varnaraðili hefur efnt þá skyldu, sem hann gekkst undir, til að greiða sóknaraðila umsamið kaupverð, 100.000 þýsk mörk, með geymslu-greiðslu í Landsbanka Íslands 26. apríl 1996. Kaupsamningur sóknaraðila við Euro Graphic Services B. V. hefur því verið efndur af varnaraðila, sem tekið hefur við réttindum kaupanda samkvæmt samningnum. Eins og málið liggur fyrir, verður sóknaraðili að teljast bundinn við það, enda hefur hann ekki borið fyrir sig, að ákvæði III. kafla laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerna eigi við áðurgreindan samning hans við Euro Graphic Services B. V.

Sóknaraðili hefur meðal annars borið því við sér til varnar, að umrædd bókbandsvél og fylgihlutir hafi ekki tilheyrt sér, heldur félaginu G. Ben.-Eddu hf. (nú gerðarþoli Prentsmiðjan Grafík hf.), og séu þessir munir ekki heldur í vörslum hans. Þessi staðhæfing sóknaraðila um eignarhald að mun-unum stangast á við ótvíræð ákvæði fyrrgreinds kaupsamnings og er engum haldbærum gögnum studd.

Samkvæmt 4. mgr. 116. gr. einkamálalaga, sbr. 1. mgr. 84. gr. aðfararlaga, hefur dómur fullt sönnunargildi um málsatvik þau, sem í honum greinir, þar til hið gagnstæða er sannað. Það er því gerðarþola að sanna, að eignar-haldi á hinum umþrættu munum sé á annan veg farið heldur en talið var, þegar Hæstiréttur kvað upp dóm sinn.

Fullyrðing gerðarþola Prentsmiðjunnar Grafík hf. um, að hann sé eigandi munanna, fer í bága við þá samninga, sem gerðarbeiðandi reisir rétt sinn á. Hún er ekki studd öðrum gögnum en einhliða yfirlýsingum nefnds gerðar-þola og löggilts endurskoðanda hans. Það er niðurstaða dómsins, að gerðar-þolanum hafi með þessum gögnum ekki tekist að sanna, að hann hafi verið eigandi munanna, og leiðir af því, að ekki þarf að taka afstöðu til viðskipta gerðarþola innbyrðis.

Samkvæmt framansögðu verður því orðið við kröfu gerðarbeiðanda og heimilað að taka munina úr vörslum beggja gerðarþola í leiguhúsnæði gerðarþola Prentsmiðjunnar Grafík hf. að Smiðjuvegi 22 í Kópavogi eða á hvaða öðrum stað, sem þeir kunna að finnst á, og afhenda gerðarbeið-anda.

Ekki verður orðið við kröfu gerðarþola Prentsmiðjunnar Grafík hf. um, að málskot fresti aðför, enda er hún engum rökum studd.

Gerðarþolar verða hvor um sig úrskurðaðir til að greiða gerðarbeiðanda 100.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Úrskurðinn kveður upp Arngrímur Ísberg héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Gerðarbeiðanda, Flatey hf., bókbandsstofu, er heimilt að láta taka Stahl BL100 bókbandsvél (book line), árgerð 1981, ásamt eftirgreindum fylgibúnaði: hleðslubandi, BT 138, hitarás, AS 131, rúlluborði, ruðningi, falsbarningi, grisjustoð, fóðrun, kjölkragalímingarvél, RH 140, millifæribandi, RE 147, innsetningarvélbúnaði, EH 152/40, þ. á m. bindainnsetningarvél, DAS, færibandi, EE 155, kjölstigsþrykkjara og pressufæribandi, EP 160, staðlaðri bandaafgreiðslu, öllum stöðluðum fylgihlutum, þ. á m. varahlutum og fyrirmælabókum, úr vörslum gerðarþola, Prentsmiðjunnar Odda hf. og Prentsmiðjunnar Grafík hf., með beinni aðfarargerð. Taka má munina úr vörslum gerðarþola í leiguhúsnæði gerðarþola Prentsmiðjunnar Grafík hf. að Smiðjuvegi 22 í Kópavogi eða annars staðar, þar sem þeir kunna að finnast.

Málskot frestar ekki aðför.

Hvor gerðarþola um sig greiði gerðarbeiðanda 100.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.
